

Menntabúðir III haust 2014 fréttir

Þriðju menntabúðir haustmíssis voru haldnar í dag, þemað að þessu sinni var sköpun. Að vanda voru fjölbreyttar kynningar og um 50 þátttakendur komu víða að af öllum skólastigum. Einstaklega var gaman að sjá svo mörg ný andlit og ánægjulegt hversu margir sýna áhuga og eru tilbúnir að taka þátt í þessum tilraunum með okkur. Skráning er í fullum gangi á næstu menntabúðir sem verða fimmtudaginn 13. nóvember og þemað verður Vendikennsla. Hér getur þú skráð þig.

Svæðinu var skipt í 5 stöðvar og keyrt var í tveimur lotum 45 mín. hvor. Ein stöðin var með öðru sniði, en þar var Páll Thayer í beinni útsending frá USA í gegnum Google Hangouts. Ákveðið var að prófa að skrá endurgjöf þátttakenda á padletborð, smelltu hér til að skoða það.

Eftirfarandi kynningar voru:

- Kennsluhugmyndir um skapandi verkefni (Sesselja Guðmundsdóttir, Ártúnsskóla)
- Skapandi hópverkefni sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu (Kristín Jónsdóttir, Menntavísindasvið HÍ)
- Google Chromebook – fartöla (Anna María Þorkelsdóttir, Hólabrekkuskóla)
- Sjónræn margmiðlunarforritun (Páll Thayer, SUNY – Purchase College)
- Myndvinnsluforritin Fotor, Canva og flipagram. Einnig valáfanginn árbók (Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, UT-torg)
- Garageband (Stefán Jökulsson, HÍ)
- iMovie (Hanna Rún Eiríksdóttir, Klettaskóla)
- Kynning á nemendabloggi og tilraunavídeóum sýna vinnu annarra kennra sem hugmyndir að skapandi vinnu (Svava Pétursdóttir, HÍ)
- Leap Motion controller – tölvustýring í þrívíðu

sýndarrými (Tryggvi Thayer, Menntavísindasvið HÍ)

Myndirnar hér að neðan voru teknar á menntabúðum 30. október 2014









